



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019010016

4. janúar 2019

Tangabryggja, bann við því að leggja við vesturkant götunnar

Lagt er til, með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum:

- Að sett verði bann við því að leggja við vesturkant Tangabryggju. Bannið sé táknað með B21.11.

Myndir til skýringa eru á næstu síðu.

Tillagan er gerð með hliðsjón af umferðaröryggi og flæði umferðar. Tangabryggja er um 7 m breið auk bílastæða við austurkant götunnar. Það er því ekki hægt að mætast í götunni ef lagt er við vesturkant hennar. Ef lagt er í götunni er einnig þrengt að og yfirsýn takmörkuð í gatnamótum við Naustabryggju og við inn- og útkeyrslu úr bílakjallara. Samkvæmt gildandi skipulagi fyrir Bryggjuhverfi vestur er gert ráð fyrir að bílastæði verði vestan við götuna, utan við núverandi götu. Þegar þar að kemur er gert ráð fyrir að bannið verði fellt úr gildi en þangað til er æskilegt að banna bifreiðastöður við vesturkant götunnar.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir


Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við vesturkant Tangabryggju.



Mynd 2 Tangabryggja. Ökutæki leggja við götukant og þrengja að umferð og takmarka yfirsýn á gatnamótum og við bílakjallara. (mynd: www.ja.is)



Mynd 3 Tangabryggja skv. gildandi deiliskipulagi. Bílastæði eiga eftir að koma utan við götuna til vesturs.

